

# [st]OKKAR GÖTUR



Ný byggð ofan á  
Miklubrautarstokk



YRKI ARKITEKTAR  
Mýrargötu 26, 101 Reykjavík  
Sími: 552 6629 · yrki@yrki.is  
Kt: 560997-3109 · www.yrki.is



DAGNÝ LAND DESIGN



**HNIT**  
VERKFRÆÐISTOFA

## Staðan í dag

Skipulag borga eru að miklu leiti mótuð af samöngukerfi þess. Samgönguskipulag Reykjavíkurborgar hefur að mestu leyti verið byggt á forsendum bílsins og aðrir samgöngumáttar hafa svo þurft að aðlaga sig að akbrautum bíla. Strætó er alltaf eftirá viðbragð sem þarf að aðlaga sig að þegar ákveðnum akbrautum bíla og göngustígar eru lagðir eftir akbrautum og skulu aðlaga sig að forsendum bílsins.

Hraðbrautir og helgunarsvæði þeirra slíta í sundur byggðina svo að byggingar standa á köflum í vegi fyrir þeim í stað þess að vera hluti af þeim, hluti af heild.

## Svæðið í dag

Gatnamót Snorrabrautar, Bústaðavegar og Miklubrautar taka í dag um 6,5 ha landsvæði. Þetta svæði nýtist illa þar sem plássfrek gatnamót og helgunarsvæði taka mest allt plássíð.

Með því að setja Miklubraut í stökk á 500 m kafla opnast möguleiki á að nýta þetta land undir nýja byggð. Stokkur virkjar einnig aðliggjandi svæði svo hægt sé að nýta þau betur.

Til verður nýtt og spennandi svæði sem tengir saman hverfin við Miklabraut, Bústaðaveg og Snorrabraut.

Með byggð ofan á stökknum verða til ný verðmæti sem á endanum borga upp framkvæmdarkostnaðinn. Þar að auki fæst heildstæðari og manneskjulegri byggð til frambúðar sem býður upp á aukið mannlíf og aukin lífsgæði.

## Hugmyndafræðin

Hugmyndin er að skapa hágæða byggð sem tengir saman aðliggjandi hverfi og skapar sameiginlegan kjarna fyrir þau.

Ný byggð er saumuð inn í núverandi hverfi og byggð við Landsspítala, Norðurmýri, Hlíðarenda og Skógarhlíð.

Þessi nýja byggð býður upp á þjónustu sem bæði nýir og núverandi íbúar á svæðinu njóta góðs af.

Með auknum íbúafjölda og betri tengingum verða til forsendur fyrir rekstri á verslunum og þjónustu í nálægð við íbúa.

## Hágæða byggð

Hægt er að bjóða upp á hágæða byggð með því að miða skipulagi og hönnun þannig að grunnþjónusta sem svarar daglegum þörfum er innan 10-20 mínútna göngufjarlægðar frá heimilinu.



4 lykil þjónustupættir þurfa að vera í um það bil 10 mínútna göngufæri til að ná fram þessum gæðum:

- dagvöruverslun,
- leik- og grunnskóli,
- almenningsrými,
- stoppistöð hágæða almenningssamgangna.

Fyrstu þrjú þættirnir styrkja hverfið sem eina heild en stoppistöð hágæða almenningssamgangna tengir það við aðra hluta borgarinnar. Þannig geta íbúar sótt daglega þjónustu í nágrenni við heimil sitt og sótt vinnu eða aðra þjónustu utan hverfisins með almenningsamgöngum.

Enn fremur þarf yfirbragð hágæða byggðar að tryggja:

- næga dagsbirtu inn í íbúðir,
- skjól fyrir vindum,
- fjölbreytt almenningsrými.

## Almenningsrýmin

Í hágæða byggð er að finna fjölbreytt og áhugaverð almenningsrými sem bjóða upp á félagsleg samskipti á öllum stigum.

Almenningsrými í góðu samspili við einkasvæði íbúða nýtast sem framlenging á heimilinu.

Allt frá stofunni heima (einkasvæði), yfir í svalir (hálf einkasvæði) sem liggja að sameiginlegum inngörðum (hálf almenn svæði) sem tengjast svo götum og torgum (almennings svæði).

*Frá rólegheitum heimilisins og út á ys og þys borgargötunnar.*



**MIKLABRAUT** : Kjarastöð Borgarlínu er við gatnamót Burknaötu og Snorrabrautar

# Hlutverk gatna

Til að ná þessum gæðum fram þarf að nálgast götur sem fjölnotarými með ólík hlutverk og rými fyrir ólíka ferðamáta.

Gera þarf ráð fyrir að götur geti þjónað ólíkum þörfum allra ferðamáta.

## Gangandi í forgang

Götur eiga að vera almenningsrými fyrir alla. Svo hægt sé að tryggja aðgengi allra ferðamáta í göturýminu eru þarfir gangandi vegfarenda settar í forgang við úthlutun á almenningsrýminu.

Allar götur skulu hafa rými fyrir gangandi vegfarendur með aðgengi fyrir alla (s.s. hjólastóla og barnavagna).

Með því að forgangsraða göturýminu til gangandi vegfarenda er verið að svara ólíkum þörfum ferðamáta eftir hraða. Þar sem gangandi fara hægar yfir þarf að huga að sem flestum styttingum leiða og tengingum fyrir þau.

Að setja gangandi vegfarendur í forgang þýðir:

- Þéttara stíganet fyrir gangandi vegfarendur – auðveldar styttingar á leiðum og býður upp á fjölbreyttara leiðarval.
- Forðast skal að senda gagnandi vegfarendur niður/undir eða yfir aðra ferðastrauma, þar sem það lengir ferðir og ferðatíma.

Götur eru ekki aðeins samgöngurými til að koma fólki milli staða og mynda tengingar, heldur einnig dvalarrými. Þessi hlutverk takast á þar sem samgöngurýmið er hugsað til að stytta sem mest ferðatíma og byggir á skilvirkni, á meðan dvalarhlutverkið snýst um að fá fólk til að staldra við og dvelja sem lengst.

Að þjóta eða njóta.

Þetta þýðir að við skipulag gatna þarf að huga bæði að tenginum (gatan sem samgöngurými) og starfsemi (gatan sem dvalarrými). Þá er mikilvægt að horfa á hvernig götur og stígar tengjast öðrum almenningsrýmum, það eru garðar og torg.

Ekki geta allar götur verið vinsælir

áfangastaðir, rétt eins og allar götur geta ekki borið alla ferðamáta.

Því fá götur ólík hlutverk eftir því fyrir hvaða ferðamáta þær eru og hvaða starfsemi liggur við þær.

Í töflu 1 er sýnt hvernig samspil ferðamáta og landnotkunar (starfsemi við götur) er háttað.



**Tafla 1:** Tegundir gatna og landnotkun

	<b>Ferðamáttar</b>	<b>Landnotkun</b>	<b>Aðskilnaður í yfirborði</b>	<b>Aðskilnaður með kanti</b>	<b>Bílastæði við akbraut</b>	<b>Lestun og losun á vörum</b>	<b>Hámarkshraði</b>
Borgargötur	Göngustígur	Verslun + þjónusta	Já	Já	Já, ef rými er til staðar	Lítið mál, nægt rými fyrir stærri bíla að stoppa	40 km/klst
	Aðskilinn hjólastígur	Léttur iðnaður					
	Borgarlínubrautir	Skrifstofur					
	Akbrautir	Íbúðir ofan jarðhæðar					
Tengigötur	Göngustígur	Verslun + þjónusta	Já	Já	Já, ef rými er til staðar	Nægt rými til staðar	40 km/klst
	Aðskilinn hjólastígur	Léttur iðnaður					
	Borgarlínubrautir	Skrifstofur					
	Akbrautir	Íbúðir					
Íbúagötur	Sameiginlegir göngu og hjólastígar	Verslun + þjónusta	Já	Nei	Já, ef rými er til staðar	Ætti að vera óþarfi	30 km/klst
	Akbraut(ir)	Skrifstofur					
		Íbúðir					
Samrými	Sameiginlegit rými fyrir gangandi, hjólandi og akandi.	Verslun + þjónusta	Nei	Nei	Nei	Ef það er rými fyrir hjólastóla og vagna að komast framhjá.	15 km/klst
Stígar	Sameiginlegir eða hjólastígar aðskildir	Opin svæði	Já ef straumar	Fyrst og fremst	Nei	Bílar útilokaðir (nema viðhald á vegum borgar)	15 km/klst (25 km/klst ef aðskildir)
		Verslun + þjónusta	gangandi og	með svigrúmi			
		Skrifstofur	hjólandi eru				
		Íbúðir	aðskildir				

MIKLABRAUT : vegir



Íbúðargötur



Tengigötur



Samrými



Borgarlína



# OKKAR GÖTUR

Meginmarkmiðið með OKKAR GÖTUM er að styrkja svæðið sem eina heild en á sama tíma skapa góðar tengingar þess við borgina og höfuðborgarsvæðið allt. Þannig verði til sterkt hverfi með sín sérkenni sem er líka hluti af borginni.

Þessu er náð fram með því að:

- setja gangandi vegfarendur í forgang,
- staðsetja starfsemi með 20 mínútna göngufjarlægðir í huga,
- huga að götunni sem bæði samgöngurými og dvalarrými,
- nýta kjarnastöð Borgarlínu til að skapa nýjan hverfiskjarna.

Með þessum viðmiðum er verið að styrkja hverfið þar sem fyrsta nálgun við skipulag þess eru gönguleiðir og tengingar fyrir gangandi vegfarendur. Lega Borgarlínu og hjólastíga koma svo inn, þá blágrænar ofanvatnslausnir og að lokum er horft til aðkomu bíla.


## Útfærsla á stokki

Megin umferð Miklabrautar, í austur og vesturátt, fer í stökk undir Snorrabraut. Snorrabraut er síðan framlengd ofan á stöknum yfir á Arnarhlíð og Nauthólsveg.

Umferð í vestur eftir Bústaðavegi fer ofan á stökkinn og yfir Miklubraut þar sem umferðin tengist síðan vestur-straumi brautarinnar.

Umferð um Bústaðaveg í austurátt fer í stökk með Miklabraut undir Snorrabraut og síðan í sérakrein sem tengist inn á núverandi legu Bústaðavegar við Flugvallarveg.

Gert er ráð fyrir bílastæðahúsi á austurenda lóðar Landsspítalans, undir kjarnastöð Borgarlínu. Hægt verður að aka beint úr stöknum inn í bílastæðahúsið og út aftur.



**MIKLABRAUT:** Miklubrautarstokkur tengist Bústaðavegi og bílajakjallara.



# Ný byggð á stokknum

Ný byggð ofan á stokknum tengir saman íbúabyggð í Hlíðum við Norðumýri og Hlíðarenda, bindur saman hverfin og gerir ráð fyrir nýjum hverfiskjarna - kjarnastöð Borgarlínu. Kjarnastöðin býður upp á þjónustu fyrir íbúa og skapar nýjan segul á svæðið.

Stóru útivistarsvæðin Klambratún og Öskjuhlíð eru tengd saman gegnum Hlíðarenda með minni almenningsgördum og torgum þar sem stígur leiðir fólk áfram.

## Yfirbragð byggðar

Eitt megin markmið er að ný byggð falli sem best að nærliggjandi hverfum og tengi þau saman á rökréttan hátt. Þannig tekur nýja byggðin mið af aðliggjandi hverfum svo hæðir og umfang húsa falli vel að núverandi byggð.

Byggingarnar móta síðan áhugavert samspil inngarða, leiksvæða og torga sem eru tengd saman með stígum og götum.



**MIKLABRAUT** : Ný byggð yfir Mikubrautarstokki

## Garðar og almenningsrými

Áhersla er lögð á að nota rýmin milli húsa undir sameiginlega garða fyrir íbúa, leiksvæði og almenningstorg fyrir íbúa og gesti. Staðsetning húsa og uppröðun byggir á því að skapa spennandi, ólík og sólrík rými milli húsanna.

Nýrri byggð fylgir líka minni torg og garðar (t.d. róló) sem nýtist íbúum í nágrenninu.

Sameiginlegir inngarðar, leiksvæði og torg eru tengd saman svo stígar leiði fólk áfram milli ólíkra almenningsrýma. Allt frá minni dvalarýmum við íbúðir að stóru útivistarperlum hverfisins; Klambratúni, Öskjuhlíð og Nauthólsvík.

## Blágrænar ofanvatnslausnir

Regnvatn af húspökum og götum er leitt áfram á yfirborðinu að gördum og torgum. Þar er regnvatninu safnað saman til leiks og upplifunar eða veitt út í gróðurbeð. Unnið er síðan með landhalla þannig að þegar torg og garðar fyllast er vatni veitt áfram á yfirborðinu í átt að Vatnsmýri og Nauthólsvík.



MIKLABRAUT : Inngarðar



MIKLABRAUT : Almenningsrými



**MIKLABRAUT** : Herdísartorg við kjarnastöð Borgarlínunnar





## Nýr hverfiskjarni

Með tilkomu Borgarlínu í hverfið verður til enn sterkari tenging fyrir íbúa við aðra hluta borgarinnar og höfuðborgarsvæðið.

Kjarnastöðvar Borgarlínu eru samgöngumiðstöðar þar sem gera má ráð fyrir mikilli umferð gangandi vegfarenda. Stöðvarnar eru mikilvægir tengipunktar í leiðarkerfi Strætó og Borgarlínu. Slíkt skapar nýjar forsendur fyrir verslanir og þjónustu sem reiða sig á mikla umferð fólks. Þannig verður til hvati til að reka verslun og þjónustu í og við kjarnastöðvar.

Því er lagt upp með að staðsetja meirihluta verslana og þjónustu í og við kjarnastöðina þannig að nýr hverfiskjarni verður til.

## Kjarnastöðin

Kjarnastöð Borgarlínu er staðsett á austur enda Landspítalalóðarinnar þar sem í dag er gert ráð fyrir bílastæðahúsi. Gera má ráð fyrir mikilli umferð af fólki til og frá spítalanum þar sem hann er einn stærsti vinnustaður landsins og þangað leitar fjöldi fólks þjónustu á hverjum degi. Það er því mikilvægt að öflugar

almenningsamgöngur tengist spítalanum.


Stöðin stendur við byggingu með verslunum og þjónustu á jarðhæð en skrifstofum spítalans þar fyrir ofan.

Undir kjarnastöðinni er bílakjallari svo stöðin verður megin umferðarpunktur á svæðinu fyrir Landspítalann, starfsfólk, gesti og íbúa, óháð ferðamáta.

## Ný samgöngumiðstöð, BSÍ

Við kjarnastöð Borgarlínu er gert ráð fyrir nýrri samgöngumiðstöð, BSÍ, þar sem rútur sem ganga frá Keflavíkurlugvelli (flugrútan) og aðrar áætlunarferðir út fyrir höfuðborgarsvæðið.

Gert er ráð fyrir biðsvæði undir rútur og langferðabíla á jarðhæð byggingar norðan



**MIKLABRAUT** : Verslunargatan Snorrabrautar við kjarnastöð Borgarlínunnar

við kjarnastöðina. Jarðhæðin er opin út á Burknagötu, eins konar opið bílastæðahús, eingöngu fyrir rútur og langferðarbíla. Ofan á biðsvæðinu er síðan skrifstofubýgging Landspítalans.

Þarna verður alsherjar samgöngumiðstöð með miklum fjölda farþega vegna nálægðar við Landspítalann, kjarnastöð Borgarlínu, BSÍ og þéttbyggð hverfi miðborgarinnar.

Kjarnastöð Borgarlínu í samfloti við BSÍ auðveldar allar tengingar milli rútuferða frá Keflavíkurflugvelli og skipulagðra langferða utan af landi við samgöngukerfi Strætó og Borgarlínu. Þannig verður mögulegt að heimsækja borgina, eða skreppa út úr borginni, án þess að þurfa á bil að halda.

Með tilfærslu á BSÍ losnar landrými þar sem starfsemi þess er í dag. Þar verður hægt að stækka starfsemi Landspítala enn frekar eftir þörfum.

## Herdísartog

Við kjarnastöð Borgarlínu er Herdísartorg þar sem aðliggjandi kaffihús og veitingastaðir geta opnað starfsemi sína út á torgið. Herdís

Bersadóttir var fyrsta eiginkona Snorra Sturlusonar sem Snorrabraut er kennd við.

Torgið er einkar sólríkt þar sem það opnar sig til suðurs og vesturs. Þá mynda aðliggjandi hús gott skjól fyrir norðan áttum.

## Verslunargatan Snorrabraut

Framlenging Snorrabrautar verður lífæð nýju byggðarinnar með verslunum, þjónustu og íbúðum.

Kjarnastöðin liggur við götuna og sérakreinar Borgarlínu ganga eftir miðri götunni ásamt bílaakreinum. Hjólastígar liggja eftir allri Snorrabrautinni sem tengir strandstíginn við Sæbraut við Nauthólsvík og Fossvog.

# Gæði byggðarinnar metin

Með tölvulíkani og gervigreind voru gæði byggðarinnar metin.

## Sól og dagsbirta


Samkvæmt greiningu er almenningssvæðin og garðar sólrík svæði sem njóta sólar meirihluta dags.

Meiri hluti útveggja á nýjum byggingum, eða 80,6%, njóta mikillar dagsbirtu yfir daginn (ljósgrænir fletir).


SÓLARLIÓS : meðaltal yfir daginn á byggð - 21.mars



SÓLARLIÓS : meðaltal yfir daginn á byggð - 21.júní



DAGSLIÓS : meðaltal yfir daginn á byggingum





## UPPBYGGING : ný byggð og kjarnastöð



■ NÝ BYGGÐ  
■ KJARNASTÖÐ

Site area	151,731 m <sup>2</sup>
▼ GFA	119 % 180,841 m <sup>2</sup>
Byggingar á torgi	25,506 m <sup>2</sup>
Byggingar að hl...	155,334 m <sup>2</sup>
▼ GIA	89 % 135,630 m <sup>2</sup>
Byggingar á torgi	10,130 m <sup>2</sup>
Byggingar að hl...	118,501 m <sup>2</sup>
> NIA	72 % 108,504 m <sup>2</sup>
BC	28 % 39,552 m <sup>2</sup>
Buildable area	0 m <sup>2</sup>
Building height	+ 13.1 m    † 21.6 m
Number of buildings	
Stories (average)	4.57
Facades	105,132 m <sup>2</sup>
Volume	555,000 m <sup>3</sup>



**YRKI ARKITEKTAR**  
 Múlagata 26, 101 Reykjavík Sími: +354 552 5429  
 Hl. 5000073338 Netfang: yrki@yrki.is  
 Höfundarheimilis- og arkitektúr ehf.  
 Gagnheimilis- og arkitektúr ehf.

## STARFSEMI : íbúðir og þjónusta



■ ÍBÚÐIR  
■ ÞJÓNUSTA

Site area	151,731 m <sup>2</sup>
▼ GFA	119 % 180,841 m <sup>2</sup>
Commercial	38,952 m <sup>2</sup>
Residential	141,889 m <sup>2</sup>
▼ GIA	89 % 135,630 m <sup>2</sup>
Commercial	29,214 m <sup>2</sup>
Residential	106,417 m <sup>2</sup>
> NIA	72 % 108,504 m <sup>2</sup>
Commercial	23,371 m <sup>2</sup>
Residential	85,133 m <sup>2</sup>
BC	28 % 39,552 m <sup>2</sup>
Buildable area	0 m <sup>2</sup>
Building height	+ 13.1 m    † 21.6 m
Number of buildings	
Stories (average)	4.57
Facades	105,132 m <sup>2</sup>
Volume	555,000 m <sup>3</sup>



**YRKI ARKITEKTAR**  
 Múlagata 26, 101 Reykjavík Sími: +354 552 5429  
 Hl. 5000073338 Netfang: yrki@yrki.is  
 Höfundarheimilis- og arkitektúr ehf.  
 Gagnheimilis- og arkitektúr ehf.

## Vindafar

Vindgreining sýnir að almenningssými og garðar eru vel varin fyrir helstu vindáttum.

Þægindakort sýnir hvernig er að dvelja útivið á opnum svæðum. Svæðin næst byggingum eru flest öll hentug til að sitja við og dvelja til lengri tíma (ljós græn svæði). Meiri hluti annara úti svæða eru þægileg til að standa og staldra við í skemmri tíma (græn svæði) á vindasömum dögum.


Athuga skal að í greininguna vantar áhrif af gróðri, aðeins eru metin skjóláhrif bygginga.

### VINDUR : þægindi







# VINDUR : norður




# VINDUR : austur



# VINDUR : vestur



# VINDUR : suður






# Hljóðvist

Hávaði frá umferð Borgarlínu og almennri bílaumferð er metin.


Sé litið til hljóðvistar er mestur hávaðinn meðfram Burknagötu og Snorrabraut en þar gerð ráð fyrir meginþunga umferðar um og að svæðinu.

Garðar og torg eru flest öll í vari frá umferðarhávaða.


## UMFERÐARHLJÓÐ : borgarlína



## UMFERÐARHLJÓÐ : bílar



## UMFERÐARHLJÓÐ : öll umferð





**MIKLABRAUT** : Snorrabraut, verslunargata til norðurs





# Samgönguskipulag

## Gangandi vegfarendur

Eins og komið hefur fram er tillagan byggð fyrst á forsendum gangandi vegfarenda. Gangandi fara hægar yfir og hafa því tækifæri til að upplifa og skynja umhverfi sitt betur.

Þannig er vel gætt að þéttni gönguleiða eftir götum og stígum milli almenningsgarða svo að svæðið bjóði bæði upp á skilvirkar gönguleiðir til að ferðast eftir en líka góða og fjölbreytta upplifun ef löngun verður til að taka lengri leiðina heim.

## Almenningsgöngur


Búið er að ákveða legu Borgarlínu í grófum dráttum en í tillögunni er farið nánar í að staðsetja hana og stoppistöðvar. Með því að staðsetja kjarnastöð Borgarlínu á lóð Landspítalans og færa starfsemi BSÍ þangað er verið að búa til enn sterkari segul og þungamiðju fyrir svæðið. Er það gert í stað þess að skapa „samkeppni“ milli tveggja stórra stoppistöðva (mikill fjöldi farþega fer um) við núverandi lóð BSÍ og svo Landspítala. Áfram

er gert ráð fyrir stoppistöð við vesturenda núverandi lóðar BSÍ.

Kjarnastöð á horni Burknaötu og Snorrabrautar er mikilvægur tengipunktur fyrir almenningsgöngur þar sem vagnar frá Hlemmi, miðbænum, Háskóla Íslands,

Miklubraut, Bústaðavegi og Háskóla Reykjavíkur mætast.

Gert er ráð fyrir sérrými Borgarlínu eftir Burknaötu og þaðan um Snorrbraut í áttina að Nauthólsvík.



MIKLUBRAUT : Nýjir hjóla- og göngustígar



Með Miklabraut í stökk skapast einnig rými fyrir sérakreinar Borgarlínu um efri Miklubraut (ofan á stökk).

## Hjólástígar

Gert er ráð fyrir í tillögunni að hjólástígar fylgi legu Borgarlínu. Þannig verða til stofnstígar meðfram efri Miklubraut (ofan á stökki), Burknagötu, Snorrabraut og Nauthólsvegi. Hjólástígar eftir Snorrabraut frá Sæbraut að Nauthólsvík tengja strandstíginn við Sæbraut við Nauthólsvík og Fossvog. Þaðan verður síðan hægt að hjóla yfir á Kársnes um nýja Fossvogsbrú.

## Almenn bílaumferð

Í nýju byggðinni er gert ráð fyrir aðkomu bíla um íbúagötur sem tengjast Burknagötu og Skógarhlíð. Á milli húsa er síðan samrými (e. shared space) en engin bílastæði.

Bílastæði fyrir íbúa og gesti þeirra eru í jaðri nýju byggðarinnar og í bílastæðahúsum við Skógarhlíð.

# Samhengi við aðrar áætlanir

Tillagan er í samræmi við aðrar áætlanir Reykjavíkurborga í húsnæðismálum, loftslagsstefnu og samgöngum.

## Húsnæðisáætlun

Tillagan gerir ráð fyrir betri landnýtingu og þéttingu meðfram þróunarási á þróunarsvæði borgarinnar. Með tillögunni verður til öflugt og sjálfbærara hverfi þar sem íbúar geta sótt daglega þjónustu innan hverfisins.

Hverfi sem hefur eftirfarandi fjóra lykil þjónustubætti í um það bil 10 mínútna göngufæri er kjörið fyrir hagkvæmt húsnæði og stúdenta:

- dagvöruverslun,
- leik- og grunnskóli,
- almenningssvæði,
- stoppistöð hágæða almenningssamgangna.

Þetta skapar forsendur fyrir lægri samgöngukostnaði íbúa á svæðinu.

## Lofslagstefna

Tillagan er í samræmi við loftslagstefnu Reykjavíkurborgar þar sem kveður m.a. á um gönguvæna borg og heilsueflandi samgöngur.

Í tillögunni eru gangandi vegfarendur settir í forgang og hugað að tengingum íbúða við almenningssvæði og útivistarsvæði borgarinnar.

Það er talið styðja við betra geðheilbrigði og andlega líðan.

## Vistvænni og öruggari samgöngur

Með uppbyggingu sem miðar að því að setja gangandi vegfarendur í forgang er verið að tryggja vistvænni og öruggari samgöngur á svæðinu.

Einnig mun uppbyggingin styðja við frekari notkun almenningssamgangna og hjólastíga þar sem hugað er sérstaklega að staðsetningu kjarnastöðvar og tengingu hjólastíga.



Tafla 1: Starfsemi



**MIKLABRAUT** : Inngarðar og torg í íbúðabyggð, horft til austurs



# Áfangaskipting

Þegar kemur að framkvæmdum þarf að huga að því að framkvæmdir valdi sem minnstu ónæði og truflun fyrir íbúa og vegfarendur.

Fyrsti áfangi væri bygging á stökk frá Rauðarárstíg að Læknagarði á Landspítalalóð ásamt sérakrein upp á Bústaðaveg.

Gera þarf ráð fyrir að færa þurfi megin umferðarpunga Miklabrautar framhjá svæðinu á meðan framkvæmdum stendur. Skipta þyrfti umferðarstráumum upp við Lönguhlíð þannig að umferð fari þá um Lönguhlíð – Bústaðaveg – Flugvallaveg og Lönguhlíð – Flókagötu – Snorrabraut. Framkvæmdir munu lengja ferðatíma bæði vegna lengingar á leið en einnig vegna hraðalækkunar þar sem hjáleiðir myndu alltaf beinast í gegnum íbúðahverfi að eitthverju leiti.

Gæta þarf að aðgengi íbúa við Gunnarsbraut og Hringbraut. Aðkoma yrði leyst með aðgengi frá baklægum íbúðargötum.

Næsti áfangi væri svo framlenging á Snorrabraut yfir í Hlíðarenda og tenging

Bústaðavegar ofan á stokki. Umferð um Bústaðaveg yrði þá beint um Flugvallaveg – Nauthólsveg.



# MIKLABRAUT : Afstöðumynd Miklubrautarstokkur

